



**29. (XXIX) ráðstefna evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins (AEFCA)
haldin í Frankfurt í Þýskalandi dagana 25. – 29. október 2008**

**Heiti ráðstefnunnar var : Nýjungar í EM 2008 – Það sem tengist
grasrótarknattspyrnu „New trends of EURO 2008 –relevant to
grassroots football“.**

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Ómar Jóhannsson

Evrópska knattspyrnuþjálfarafélagið, Alliance of European Football Association (AEFCA) hélt fróðlega þriggja daga ráðstefnu og góðar verklegar æfingar með aðstoð DFB (Deutscher Fussball – Bund ; German Football Association) þýska knattspyrnusambandsins og BDFL (Bund Deutscher Fussball – Lehrer: Association of German Football coaches) Þýska knattspyrnuþjálfarafélagsins.

Það voru 202 þátttakendur á ráðstefnunni frá 61 landi, fulltrúar frá öllum sex FIFA samböndunum sem mættu í Steinberger Airport hótelið laugardaginn 25. október og á verklegar æfingar mánudaginn 27. október á „Stadium am Brantanobad“ Frá Íslandi fóru Sigurður Þórir Þorsteinsson formaður KBÍ og Ómar Jóhannsson gjaldkeri KBÍ.

Í tengslum við þema ráðstefnunnar var töluverður fjöldi af topp þjálfurum sem voru með leikgreiningar frá Evrópukeppninni sem haldin var í Austurríki og Sviss árið 2008. Þeir fóru vel yfir það hvaða lærdóm er hægt að draga af keppninni fyrir knattspyrnuna á hinum ýmsu stigum. Fyrir hönd þýska knattspyrnuþjálfarafélagsins (BDF) fóru Bernd Stöber, Erich Rutenmüller og Frank Wormuth yfir það sem kom nýtt fram á EURO 2008. Tæknistjóri UEFA (Technical Director), skotinn Andy Roxburgh var með góða og skemmtilega fyrirlestra um stjórnunarhætti toppþjálfarans „Leadership role of the top coach“ og almenna yfirferð á toppmótum á vegum UEFA 2008 m – Alþjóðleg sýn „UEFA’S top competitions 2008 – A global view“ . Landsliðsþjálfari karlaliðs Tyrklands, Fatih Terim sagði frá því hvernig hann upplifði keppnina „Personal impression“ sem reyndist vera mjög tilfinningaþrungin rússíþingi bæði fyrir leikmenn og þjálfarið.

Í mjög svo líflegum fyrirlestri sagði spænski U 17 ára landsliðsþjálfari karla, Ginés Meléndez Sotos frá því hvernig stæði á því að svo mörg spænsk ungmenni hafa unnið til verðlauna á Evrópu og Heimsmeistaramótum að undanfögnu. Tæknistjóri FIFA (Technical Director), Jean – Michel Bénézet var með áhugaverðan fyrirlestur um öll þau verkefni sem FIFA er með í heiminum til að auka útbreiðslu knattspyrnunnar.

Erlendu þátttakendurnir hlustuðu af athygli á fyrirlestur Matthias Sammer framkvæmdastjóra íþróttamála „DFB Director of Sports“ um þróun þjálfaramenntunar og uppbyggingu afreksþjálfunar hjá þýska knattspyrnusambandinu. Frank Wormuth og Bernd Stöber útskýrðu hina nýju uppbyggingu á þjálfaramenntun.

Ralf Rangnick þjálfari toppliðs TSG 1899 Hoffenheim í Bundeslígunni fór yfir þjálfaraferilinn sinn og sagði sannfærandi frá því hversu mikilvægt það er hafa þjálfað börn og unglinga á öllum stigum og meistaraflokka á öllum stigum til að ná árangri sem þjálfari í atvinnumannadeild.

Kvennaknattspyrnan er á uppleið. Það var megininntakið í fyrirlestri Steffi Jones forseta þýsku undirbúningsnefndarinnar fyrir heimsmeistarakeppnina sem haldin verður í þýskalandi

árið 2011. Hún sagði frá undirbúningnum fyrir keppnina og hvatti alla þátttakendur til að koma aftur til Þýskalands innan þriggja ára, þ.e. á keppnina.

DFB þjálfarinn Jörg Daniel fór yfir það helsta sem þótti áhugavert varðandi markvörslu á evrópukeppninni fyrir markmannsþjálfun.

Tvær verklegar æfingar voru á „Frankfurt Stadion am Brentanobad“ Fyrst var þjálfari U 18 ára liðs karla í Þýskalandi Heiko Herrlich með æfingar fyrir varnarleik - taktískur skilningur „Defensive Play – Team Tactical Realisation“. Í kjölfarið á þeirri æfingu kom þjálfari U 19 ára liðs þjálfari karla í Þýskalandi, Frank Engel og var hann með æfingar fyrir sóknarleik - skapa marktækifæri „Offensive Play – Creating chances“. Það voru valdir leikmenn úr U 16/17 ára Bundeslígu félaginu Eintracht Frankfurt sem tóku þátt í æfingunni.

Við munum núna í þessari skýrslu okkar segja frá því sem okkur þótti áhugaverðast á þessari ráðstefnu og ef einhverjir vilja fá frekari upplýsingar um það sem fram fór á ráðstefnunni þá er velkomið fyrir alla að hafa samband við okkur.

Toppmótið hjá UEFA 2008 – Alþjóðleg sýn
UEFA'S TOP COMPETITIONS 2008 – A Global view
Andy Roxburgh, tæknistjóri UEFA „ UEFA technical director“.

Það eru margir sem koma að stórkeppnum eins og Evrópukeppninni í knattspyrnu. Það hefur verið mjög vinsælt að bera saman stórmót eins og evrópukeppnir, heimsmeistaramót og meistaradeild Evrópu.

Það eru spurningar eins og hvers vegna „WHY“ sem vakna. Hvers konar menn vinna við knattspyrnuna : Þeir sem vinna á hliðarlínunni „Front – line coaching“. Menn sem vinna í því að þroska leikmenn „Developing players“ og menn sem vinna við að kenna þjálfurum „Training coaches“.

Hverjir standa á bak við svona stórkeppnir ? Það er meðal annars tæknilið „Euro 2008 Technical team“.

Topp þjálfarar frá Evrópu „Elite club coaches Forum 2008“ komu saman til að bera saman bækur sínar.

Hvaða tækninýjungar eru að aukast/minnka í toppklassaknattspyrnu í dag ?

Tækninýjungar sem komu fram á EM 2008:

Það sem hefur aukist :

- Leikir með stuttum sendingum
- Hratt samspil
- Árangursríkar skyndisóknir
- Stíga út leikmenn
- Ákefð í leikjunum
- Einn framherji
- Verjast með leikaðferðinni 4/5/1
- Sækja með leikaðferðinni 4/3/3 (4/2/3/1)
- Sveigjanleiki í leikaðferðum
- Sóknar/miðjumaður framherji (svokölluð tíá)
- Mörk sem koma seint í leiknum
- Langar skásendingar
- Gæði tækninnar
- Mismunandi kantspil
- Áhrif einstaklinga

Það sem hefur minnkað :

- Svæði og tími sem menn hafa
- Boltinn er minna í loftinu
- Mann dekkun
- Menn á stöngunum
- Mörk úr föstum leikatriði
- Mörk eftir langskot
- Rangstöðutaktík
- Hápressa
- Langar sendingar (Norskur stíll)
- Stöðluð ímynd kantmannsins
- Fastmótað 4/4/2
- Sóknarmiðjumaður eða framherji
- Óvæntar leikaðferðir (Aukaspurnur)
- Að lið taki áhættu

A) MIKILVÆGI SKYNDISÓKNA

Sókn sem svar við sókn.

1. Sígilt.

Boltinn er unnin á varnarþriðjungnum og sendur hratt fram á fáa sóknarmenn splundra þeim varnarmönnum sem sátu til baka.

2. Skyndisókn hóps „Collective counter“

Boltinn er unnin á miðjunni og þeir sem hópur taka þátt í hröðu sókninni gegn óskipulögðum varnarleik andstæðinganna með ákveðnum fljótandi samspili.

3. Þróuð hraðauppflaup „Advanced counter“

Með því að vinna boltann hátt á vallarhelmingi andstæðingsins og nýta sér liðsmuninn.

4. Einleiksskyndisókn „Solo Counter“.

Eftir að lið hefur unnið boltann er skyndisóknin oft kláruð með einleik.

„Þegar bolti vinnst eða tapast er mikilvægasti tíminn í knattspyrnu – vera fljótur að setja upp varnarleikinn eða vera fljótur að nýta þér að andstæðingarnir eru ekki komnir í varnarstöðu“

José Mourinho

Augnablik skyndisóknanna.

Þegar boltinn vinnst eða tapast.

1. Hæg eða ósjálfrögð viðbrögð hjá þeim sem tapa boltanum.
2. Varnarmennirnir eru óskipulagðir, í minnitölu eða of langt á milli þeirra.
3. Vörnin er gjörsamlega úti á þekju – fáir varnarmenn verja stórt svæði.

Lykilatriði í skyndisóknum :

- Hraði í skiptunum þegar bolti vinnst eða tapast
- Strax sótt í fyrstu hreyfingu (senda eða hlaupa með boltann)
- Vilji til að styðja við sóknina
- Tekið af stað af krafti í upphafi sóknar þegar bolti vinnst.
- Boltinn færir hratt
- Sendingafjöldi í lágmarki
- Margvíslegar lausnir (margir möguleikar til að senda boltann)

Í úrslitaleiknum áttu Spánverjar 13 skyndisóknir og Þjóðverjar 7 og allir vita úrslit leiksins.

SKYNDISÓKNIR/MÖRK EFTIR HRAÐAR SÓKNIR :

(Eftir opið spil).

Evrópukeppnin 2008 : 46 % marka.

Meistaradeild Evrópu 2007/2008 : 30 % marka.

Skyndisóknir :

Til að ná árangri verður lið að vera fært um að geta framkvæmt skyndisóknir.

UEFA Technical team = Tæknistjórn UEFA

Svar við skyndisókn :

„Þar sem skyndisóknir eru að verða miklu mikilvægari hefur svar við skyndisóknum orðið aðal tækninýjungin.“

Arséne Wenger

2. Taktík við svári skyndisókna :

- Vera fljót að endurskipuleggja sig.
- Pressa boltann.
- Varnarmiðjumenn
- Hafa áhættuna eins litla og mögulegt er.
- Leikbrot.
- Verjast aftarlega.
- Pressa strax varnarmanninn sem er með boltann

4. Að halda boltanum innan liðsins skilar árangri. „The success of possession football“

Hugmyndafræði þjálfarans

Hegðun þjálfara

Leikaðferðir

Leikaðferðir :

Áhrifavaldar :

- Gæði leikmanna (og úrval leikmanna).
- Andstæðingurinn.
- Staðan í leiknum.
- Aðstæðurnar.
- Kröfur keppninnar.

ÁRANGURSRÍKAR LEIKAÐFERÐIR :

Að halda boltanum frammar á vellinum.

Samleikur með stuttum sendingum

Skyndisóknir

Spil með miklum hraða. (Einnar til tveggja snertinga fótbolti).

Spænski stíllinn :

„Ef þú ert lágvaxnari þarftu að vera gáfaðri, fljótari og geta spilað á milli varnar og miðju andstæðinganna“.

Gérard Houllier

„Mér líkar við lið sem einbeita sér að því að sækja og njóta þess að spila. Þetta spænska lið er reynslumikið og elskar að spila þessa gerð af knattspyrnu“

Guus Hiddink

„Meiriháttar breytingar hafa átt sér stað síðustu 10 árin. Áður fyrr var meira pláss og sendingarnar voru lengri – núna eru sendingarnar styttri, hraðinn er meiri og allir þjálfarar eru vel skipulagðir“

Ottmar Hitzfeld

Samleikur með stuttum sendingum /through passes

Mörk eftir opið spil í evrópukeppninni og meistaradeildinni : um það bil 40 % af mörkunum.

„Hratt gegnumbrotarspil hefur svo sannarlega orðið tækninýjung“

Sir Alex Ferguson

SAMLEIKUR MEÐ STUTTUM SENDINGUM :

„Ég held að knattspyrnuáhangendur vilji sjá knattspyrnumenn vera færa um samleik með stuttum sendingum til að komast inn í vítateiginn og skora mörk“

Luis Aragonés

Spánverjar :

- Mikill fjöldi sendinga
- Topp sendingar
- Mikill fjöldi sendinga framávið
- Mikill fjöldi meðal sendinga
- Mikill fjöldi sendinga á markið

5. MIKILVÆGI SKIPULAGSINS

Breyta skipulaginu

„Við urðum að vera vissir um þeir (Chelsea) myndu ekki ná stjórn á leiknum, vegna þess ég vissi að við myndum verða sterkari því lengra sem leið á leikinn.“

Sir Alex Ferguson

(Eftir úrslitaleikinn í meistaradeildinn árið 2008)

SKIPULAG OG ÁRANGUR ? „Shape and success ?

Toppliðin sönnuðu það aftur að skipulag skiptir máli.

Skipulagður varnarleikur + góður sóknarleikur / sköpunargáfa var mikilvæg.

Það skipulag sem var byrjað á :

sem byggði á ...

- hugsunarhætti þjálfara
- gæðum leikmannanna
- sérstökum aðstæðum
- andstæðingunum
- úrslitum í undanförunum leikjum

Þegar skipulaginu var breytt :

byggði það á...

- meiðslum
- taktískum þörfum
- að það var háð ákvörðunum dómara
- frumkvæði þjálfara
- úrslitum

SKIPULAG Í EVRÓPUKEPPNINI – FJÓRAR AÐFERÐIR

1. 4/4/2
(4/1/3/2 OG 4/4/1/1)
2. 4/5/1 (4/2/3/1)
3. 4/3/3
4. 3/5/2 (3/4/3)

SKIPULAG Í MEISTARAEILDINNI – ÞRÍJAR AÐFERÐIR

1. 4/2/3/1 (4/5/1)
2. 4/4/2 (4/4/1/1)
3. 4/3/3 (Einn framherji)

„Leikurinn hefst á einn veg, svo breytist hann og venjulega endar hann á annan veg.“

Marcello Lippi

4. MIKILVÆGI FASTRA LEIKATRIÐA Í SKORUÐUM MÖRKUM „The value of set plays“

	EVROPUK.	MEISTARAEILDIN
OPIÐ SPIL	80 %	77 %
FÖST LEIKATRIÐI	20 % (16)	23 % (74)
SAMTALS	77	330
	(1 mark	(50 % færri
	beint eftir	eftir aukaspurnur)
	augaspyrnu)	

FÖST LEIKATRIÐI

Lykilatriði :

- Sending
- Hreyfingar
- Óvæntar upptakur
- Varnarleikur
- Að klára vel „finishing“

HORNSPYRNUR

EVROPUKEPPNIN 2008

319 hornspyrnur – 31 leikir

5 mörk

Eitt mark í 64 tilraunum. (Háþróaður varnarleikur ?)

6. HAGNAÐUR AF ÁRANGURSRÍKU KANTSPILI :

Mörk skoruð eftir kantspil árið 2008

	EVROPUK.	MEISTARAEILDIN
OPIÐ SPIL	80 %	77 %
SAMTALS	77	330

MÖRK EFTIR OPIÐ SPIL

Fyrirgjafir/ skrásendingar “Diagonals“/Snúa til baka og senda „Cut – backs“

EVROPUKEPPNIN – YFIR 50 %

MEISTARAEILDIN – YFIR 30 %

Einstaklingsframtak „Solo efforts“

Í EVROPUKEPPNINI = 6 %

Í MEISTARADEILDINNI = 20 %

„Þú þarft að hafa þrjá sóknarleikmenn með sköpunargáfu og með einstaka hæfileika „flair“ – þeir geta verið kantmenn, miðjumenn eða framherjar.“

Marcello Lippi

„Einstaklingsframtak og sköpunargáfa á köntunum er nauðsynleg“

Gérard Houllier

FYRIRGJAFIR

Þau lið sem áttu flestar í Evrópukeppninni :
Austurríki og Ítalía

Flest mörk :

Tyrkland	Króatía
Þýskaland	Rússland
Holland	Spánn

7. MEIRIHÁTTAR ÁHRIF Í LEIKJUM

TYRKLAND - TÉKKLAND 3 – 2

Tékkar voru yfir 2 – 0

Tyrkir skiptu þremur varamönnum inn á ,á 46. – 63. mín.

Lokaniðurstaða :

Tékkland 2 Tyrkland 3

Nihat var sigurvegari leiksins

„Þegar allir voru að undirbúa sig fyrir vítaspyrnukeppni gaf ég liðinu merki um að reyna að skora þriðja markið“

Fatih Terim

Þýskaland – Tyrkland

„Í dag unnum við Tyrkina á þeirra eigin bragði“

Christoph Metzelder

Ákvarðanir sem höfðu áhrif í leikjum :

- Innáskipting Fabregas gegn Ítalíu og Rússum
- Ballack úr framlínunni gegn Portúgal
- Þegar Arshavin kom aftur inn í lið Rússa
- Það að Torres fór út af gegn Þjóðverjum skapaði nýtt vandamál

Lykilatriði í ákvörðunum sem höfðu áhrif í leikjunum :

- Val
- Undirbúningur
- Stjórnun á stjórnnum
- Stíll /hvernig þjálfarar vildu að lið sín léku
- Taktískar breytingar
- Varamenn
- Samskipti

Meistaradeildin :

„Lykilatriði frá sjónarhóli þjálfarans eru 10 – 15 síðustu mínúturnar í leikjunum“

Arséne Wenger

Lið sem skoruðu fyrst í leikjum :

Evrópukeppnin : 76 %

Það að skora fyrst –

22 sigrar í 29 leikjum

Tvö mörk – færri jafntefli (Two goals – less draws)

Spánn, Þýskaland og Tyrkland (tvisvar)

Meistaradeildin : 64 %

BROS

„Hann sagði að honum liði ekki vel vegna vandamáls með vin sinn þannig að ég bauð honum samúð en hann talaði um knattspyrnu“

Miroslav Klose

(talar hér um Luca Toni, IT)

Sársaukafullur sannleikur

„Það geta ekki verið stórkostlegir sigrar án sársaukafullra ósigra“

Karel Brukner

STJÓRNUNARHLUTVERK TOPP ÞJÁLFA „The leadership role of the top coach“

Andy Roxburgh, tæknistjóriUEFA .

Í þessum fyrirlestri verður farið yfir stjórnunarhlutverk topp þjálfara , hvaða gerðir af þjálfurum eru til og hvernig þeir vinna.

Þeir sem fást við þjálfun :

- Barnaþjálfarar
- Unglingaþjálfarar
- Þeir sem kenna á námskeiðum
- Fyrsta flokks fagmenn/tæknimenn

Hlutverk topp þjálfara :

1. Sem fagmaður :
 - Leikgreina
 - Þróa leikmenn
 - Búa til lið
 - Þjálf
 - Búa til æfingar
 - Koma auga á (þekkja) hæfileika
 - Skilgreina hlutverk
 - Meta frammistöðu leikmanna
 - Fyrirskipa (koma á) stefnumótun
 - Örva ímyndunarafi

2. Sem framkvæmdastjórar :

- Skipuleggja
- Setja markmið
- Viðhalda reglu (skipulagi)
- Setja viðmið
- Þjóða leiðbeiningar
- Stjórna andrúmsloftinu
- Taka ákvarðanir daglega
- Meta fólk /aðstæður
- Leysa vandamál
- Velja leikmenn/starfslíð

3. Sem leiðtogar :

- Hvetja aðra
- Hafa áhrif á breytingar
- Að samskipti séu skýr
- Búa til líð
- Taka stórar ákvarðanir
- Skapa sýn
- Taka ábyrgð
- Þróa leiðtoga
- Vinna með vandamál
- Búa til árangur

„ Leikmenn verða að finna það að þeir hafi öruggan og sterkan leiðbeinanda“

Marcello Lippi

Leiðtogar :

Hvað vilja leikmenn frá leiðtogum ?

„Ef þú hefur leiðtoga munu aðrir aðlagast“

Rinus Michels

Stjórnun snýst ekki um einstaklingsframkvæmdir (solo action).

Leiðtogar :

Hverjar eru aðal áskoranir sem blasa við þjálfurum í dag í leiðtogahlutverki þeirra ?

Knattspyrna í dag :

- Áköf keppni
- Opinber grannskoðun
- Vandamál
- Streita
- Mikil áhætta
- Miklir egóistar
- Tímamörk
- Meira krefjandi umhverfi (leikmenn, fjölmiðlar, áhagendur, starfsmenn o.fl.)
- Kröfur gerðar hraðar á leiðtoga en áður

• LEIÐTOGASAMBAND

KJARNI

AÐSTÆÐUR

Hlutverk toppþjálfara :

Þjálfar – Faglegt

Stjórnun – Skipulags

Leiðtogastjórnun – Tilfinningalegt

LEIÐTOGATAFLAN „The leadership scoreboard“

- | | | | | | | |
|--------------|--------------|-------------|-----------------|--|--|-------------------|
| 1. Vald | | | | | | 10. Hógværð |
| 2. Ábyrgð | | | | | | 9. Væntingar |
| 3. Bjartsýni | | | | | | 8. Aðlögunarhæfni |
| 4. Samskipti | 5. Hugmyndir | 6. Hugrekki | 7. Persónuleiki | | | |

STÖÐUVALD :

Yfirvald

Val

Persónuleiki

Stefna

Kunnátta

PERSÓNULEGT VALD

VALD :

- Trúverðugleiki
- Sannfæring
- Orka
- Stjórnun

„Ef þú hefur ekki stjórn, er ómögulegt að komast af. Eftirtektarsemi, ákvarðanatökur og stjórn eru lykil þættir“

Sir Alex Ferguson

LEIÐTOGAÁBYRGÐ

- Koma á ábyrgð
- Taka skyldum (ég/við skilaboð)
- Segja fyrirfram

„Í dag eru aðalþjálfararnir með alla ábyrgðina – við verðum að gera leikmennina ábyrgari.“

Walter Smith

ÞRÓA LEIÐTOGA :

Hvernig ferðu að því að þróa leiðtogahæfileika hjá öðrum ?

„Þrjú atriði hjálpa þér að þróast sem leikmaður – þjálfarinn, aðrir leikmenn og gæði keppninnar.“

Paulo Sousa

„Sem þjálfari er ég alltaf bjartsýnn“

Arséne Wenger

„Ef þú kemur á æfingasvæðið á mánudagsmorgni eftir tap og þig skortir þrautsegu, þá sést það og það mun hafa áhrif á leikmennina.“

Sir Alex Ferguson

Leiðtogi :

- Ákafi milli þess sem þú gerir mistök.
- Hæfileikaríkir einstaklingar koma alltaf sterkir til baka.

Form á endurgjöf :

- Hrósa
- Upplýsingar
- Þjálfar
- Gagnrýna
- Hafa þögn

HVATNING ÁN PENINGA :

(Veldu það besta – sjálfshvatning)

1. Val (Vald)
2. Þjálfar (Ástríða)
3. Málstaður (Draumar)
4. Umhverfi (Örvandi)
5. Orðstír (Athygli)
6. Umbun (Sálfræðilegur)
7. Árangur (Sjálfsstraust)
8. Lið (Kraftur, afl)
9. Áhangendur (Andrúmsloft)
10. Kímnir (vellíðan)
11. Standard (Áskorun)
12. Atburðir (Leikir)

LEIÐTOGINN + TILFINNINGAR

- Að skilja aðra
- Meðhöndla sambönd
- Samsetning hópsins

FERLIÐ VIÐ AÐ BYGGJA UPP LIÐ :

„Það er verkefni að byggja upp lið.“

Marcello Lippi

TILFINNINGAR :

Fólk er ekki skepnur rökfræða, heldur tilfinninga.

SAMSKIPTI :

- Áhrifaríkar ræður
- Opinberar fullyrðingar
- Skýr skilaboð

„30 sekúndna hljóðið getur verið mikilvægasta andartak vikunnar.“

Gérard Houllier

„Andlit þjálfarans er spegill þess hvernig liðinu líður.“

Arséne Wenger

„Það er ekki mitt starf að gagnrýna leikmenn mína opinberlega.“

Sir Alex Ferguson

HUGMYNDIR :

- Heimspeki
- Upprunalegar hugmyndir
- Trú
- Stór mynd

„Þú verður að elska leikinn og vilja deila ákveðnum lífsstíl með leikmönnum, leið fótboltans“

Arséne Wenger

HUGREKKI

- Taka ákvarðanir
- Vinna með gagnrýni
- Stjórna réttlæti
- Halda trú við sína hugmyndafræði

STJÓRNUN VANDAMÁLA

- Öruggur/trú
- Starfsfólk sem er trúverðugt
- Staðreyndir, ekki skoðanir
- Málstaður/orsök fyrst
- Enginn ótti
- Einbeita sér að lausnum

VANDAMÁL :

Reyndu að finna jákvæða lausn, jafnvel í neikvæðu ástandi.

„Sigurvegari í lífinu, ekki bara í fótbolta lærir af ósigri eða mistökum og kemur sterkari til baka.“

Carlos Parreira

LEIÐTOGINN + TILFINNINGAR

- Sjálfshvatning
- Sjálfstraust
- Sjálfstjórn
- Sjálfsvitund

Þekktu styrkleika þína

PERSÓNULEIKI :

Að gera rétta hluti á eigin kostnað.

Traust/Virðing.

AÐLÖGUNARHÆFNI :

- Eftirvænting
- Að taka áhættu
- Mismunandi aðstæður – mismunandi stefnumótun

VÆNTINGAR :

Spádómar um eigin getu

Trú

AÐ STJÓRNA VÆNTINGUM

- Markmið sem hægt er að ná
- Að skapa sjálfstraust
- Hvers er krafist ?

„Þú getur ekki forritað árangur, þú getur bara undirbúið hann.“

Gérard Houllier

„Þetta er mjög tilfinningaríkur leikur og væntingarnar eru oft of miklar.“

Sir Alex Ferguson

„Hvort sem þú heldur að þú getir eða getir ekki, þá hefur þú rétt fyrir þér.“

Henry Ford

HÓGVÆRD

- Vera opinn
- Viðurkenning

STOLT/EKKI HÁTT

Ef þú þarft að segja fólki hver þú ert, ertu það ekki.

TOPP ÞJÁLFARI = Auðvelt að vinna með – Erfitt að þóknast

„Til að vera leiðtogi þarftu að fá fólk til að fylgja þér og enginn vill fylgja einhverjum sem veit ekki hvert hann stefnir.“

Joe Namath

MISTÖK SEM ERU GERÐ VIÐ LEIÐTOGASTJÓRNUN

- Óheilindi
- Óákveðni
- Engin sýn
- Hroki
- Slæm hegðun
- Léleg samskipti
- Skortur á ímyndunarafli
- Slakur persónuleiki
- Að færast undan ábyrgð

LEIÐTOGAR :

- Hafa áhrif á hina í hópnum
- Setja dæmi
- Ná árangri
- Taka ábyrgð
- Skipta máli

HLUTVERK TOPP ÞJÁLFARA :

Að þjálfar – Vinna sem framkvæmdastjóri – Leiðtogi

TOPP ÞJÁLFARAR :

Sem leiðtogar

Á topp stigi (level) gera leiðtogahæfileikar þjálfara oft gæfumuninn.

Frá HM 2006 til HM 2011 „From the 2006 World Cup to the World Cup 2011“.

Steffi Jones, Presdident LOC FIFA Women's World Cup 2011 Ulrich Wolther, General Coordinatior FIFA Women's World Cup 2011 Challenge 2011

1. Leiðin að heimsmeistaramótinu árið 2011
 - 13. desember 2005 : Á ársþingi þýska knattspyrnusambandsins sem var haldið í Leipzig stakk Angele Merkel upp á því að Þýskaland myndi halda Heimsmeistarkeppni kvenna árið 2011.
 - 1. Mars 2007 : Þýska knattspyrnusambandið býður þeim sem skipulögðu HM 2006 og biður um leið um að fá að halda HM árið 2011
 - 31. apríl 2007 : Öll gögn sem beðið var um frá þeim 23 borgum sem til stóð að halda keppnina skiluðu á lokadegi.
 - 12. október 2007 : Þýska knattspyrnusambandið kynnir ítarlega skýrslu fyrir FIFA á 1000 blaðsíðum með útskýringum á því hvers vegna keppnin ætti að vera haldin í Þýskalandi.
 - 30. október 2007 : Sviss, Frakkland, Ástralíu, Perú drógu til baka umsóknir sínar. Þýskaland og Kanada eru bara tvær þjóðir sem eftir eru.
 - 30. október tilkynnir Joseph S. Blatter forseti FIFA að HM kvenna árið 2011 verði haldin í Þýskalandi.
 - 9. nóvember 2007 : Steffi Jones er kynnt sem „LOC“ forseti í þýsku höfuðstöðvunum.
 - 25. janúar 2008 : Opinber opnun á skrifstofu fyrir undirbúning á keppnininni í Frankfurt am Main.
 - 14. mars 2008 : Framkvæmdastjórn FIFA staðfestir þátttökuþjóðirnar – 16 þjóðir taka þátt í HM 2011
 - 19. apríl 2008 : Merki (logo) á HM kvenna 2011 verður kynnt á „Arena Deutschland“
 - 29. maí 2008 : Kynning hjá sendifulltrúum HM kvenna 2011 : Renate Lingor, Sandra Minnert og Britta Carlson
 - 19. september 2008 : Lokadagur fyrir fulltrúa borganna sem leikirnir eiga að fara fram til að skila undirrituðum gögnum.
 - 30 september 2008 : „The Loc“ og FIFA ákveða í hvaða borgum leikirnir fara fram. Það var tilkynnt 1000 dögum áður en flautað verður til leiks.

Markmiðin okkar fyrir 2011

- Að halda áfram að byggja upp eftirvæntingu fyrir HM kvenna árið 2011
- Að kynna okkur einu sinni enn sem glaðleg, heimsborgaraleg og gestrisin í þessari fyrstu HM kvenna sem haldin verður í Þýskalandi.
- Til að skrifa okkar eigin sögu ársins 2011

- Til að gefa klárlega til kynna áhrifavald fótboltans fyrir þjóðfélagið.
- Til að sýna ábyrgð okkar gagnvart þjóðfélaginu.
- Að skipuleggja umhverfisvænan vingjarnlegan atburð.
- Hafa fulla velli.
- Að koma á góðu sambandi við fjölskyldurnar og grasrótina.
- Að kynna svæðisbundið skipulag knattspyrnunnar í Þýskalandi.
- Að styrkja mikilvægi stelpna og kvennaknattspyrnunnar fyrir utan HM kvenna.
- Ekki bara í Þýskalandi heldur allsstaðar í heiminum.

2. Val á borgunum sem leikirnir eiga að fara fram.

Augsburg :

Nafn : Impuls Arena (Nýr völlum sem verður kláraður árið 2009).

Áhorfendafjöldi : 24.000

FC Augsburg (Bundesliga karla 2)

Mikið laust pláss í nágrenninu.

Núverandi vallaráætlun veldur fjárhagslegum vandamálum.

Dresden :

Nafn : Rudolf – Harbig – Stadion. Kláraður haustið 2009

Áhorfendafjöldi : 27.000

Frægasta knattspyrnufélag landsins er SG Dynamo Dresden

Aðlaðandi borg sem hýsir keppnina.

Áætlun um umhverfi og bílastæðismál.

Efnahagsáætlun fyrir völlum á enn eftir að skila inn.

Erfitt áhorfendasvæði

Berlín :

Nafn : Opymiastadion.

Áhorfendafjöldi : 75.000

Bundesliguliðið Hertha BSC er frægast knattspyrnuliði borgarinnar.

Úrslitaleikir bæði hjá karla og kvennaliðum haldnir á völlum

fyrir HM 2006

Opunarhátíðin/leikurinn verður á völlum.

Wolfsburg :

Nafn : Volkswagen – Arena

Áhorfendafjöldi : 25.000

Notaður fyrir Bundesligu leiki bæði fyrir karla og kvennaliði.

Frábært innra skipulag á völlum.

Áskorunin er að fá fleiri áhorfendur til að fá áhuga.

Bochum :

Nafn : rewirpower – Stadion.

Áhorfendafjöldi : 23.000

Bundesliguliðið VfL Bochum spilar sína leiki á þessum velli.

Hefð fyrir kvennaknattspyrnu á þessum velli.

Menningarhöfuðborg Evrópu 2010 „European Capital of Culture 2010“

Gallar á vellinum (aðgangur, læknisaðstaða) verður að leysa.

Of fáir salir (hliðarsalir).

Mönchengladbach :

Nafn : Borussia – Park.

Áhorfendafjöldi : 47.000

Borgarliðið Borussia er vel þekkt og frægt langt fyrir utan landamæri Þýskalands.

Mikið pláss er á vellinum og nágrenni.

Stórkostlegt innra skipulag.

Áskorunin er að fá fleiri áhorfendur til að fá áhuga.

Leverkusen :

Nafn : BayArena., „breyting á vellinum, á að vera lokið seint á árinu 2009

Áhorfendafjöldi : 30.000

Frægasta knattspyrnulið borgarinnar er Bayer 04 Leverkusen

Stórkostleg vallarsvæði

Lítið laust pláss í nágrenninu.

Frankfurt/Main :

Nafn : Commerzbank Arena.

Áhorfendafjöldi : 46.700

Frægasta knattspyrnulið borgarinnar er Eintracht Frankfurt

þar sem Þýska knattspyrnusambandið (DFB) er staðsett.

Fyrrum HM 2006 leikvangur.

FFC Frankfurt sló öll aðsóknarmet í kvennaknattspyrnu hjá félagsliðum í Evrópu (27.640).

Sinsheim/Hoffenheim

Völlurinn er núna í byggingu, opnar snemma árið 2009

Áhorfendafjöldi : 23.000

TSG Hoffenheim hefur komið sér á forsíður ýmissa blaða vegna árangurs þeirra.

Mjög mikið er gert í því að búa til leikmenn hjá félaginu.

Nútíma innra skipulag á vellinum.

Sterkt vörumerki á the Rhine-Neckar svæðinu.

5. Lykildagsetningar varðandi skipulag á keppninni :

Keppnin mun standa yfir frá sunnudeginum 26. júní – sunnudagsins 17. júlí 2011 = 22 dagar.

Skipulag :

16 þjóðir.

4 riðlar.

8 vellir. Opnunarleikurinn verður í Berlín.

FIFA U 20 Heimsmeistarakeppnin árið 2010

Keppnin mun standa yfir frá fimmtudeginum 15. júlí – sunnudagsins 1. ágúst 2010 = 18 dagar.

Strax eftir HM 2010 í S – Afríku (úrslitaleikurinn á sunnudeginum 11. júlí 2010).

Skipulag :

16 þjóðir.

4 riðlar.

4 vellir.

5 næstu skref :

Val á leikvöllum fyrir HM U – 20 árið 2010.

Leikdagar valdir.

Hugmyndafræði bak við miðasöluna

Samsetning á einkunnarorðum og „fígúru“

Drátturinn fyrir lokakeppnin.

Ferðir í gestgjafaborgirnar og niðurtalningarferðir

Þjálfaramenntunin hjá þýska knattspyrnusambandinu. „The DFB coach education programme“

Dr. Hans-Georg Moldenhauer, Frank Wormuth, Bernd Stöber, DFB

Í þessum fyrirlestri fóru þeir félagar yfir þjálfaramenntunina hjá þýska knattspyrnusambandinu sem er bæði mjög metnaðarfull og vel unnin. Þeir skipta menntuninni í nokkur stig :

DFB C – licence (UEFA B – licence)

Þeir þjálfarar sem eru með þessa gráðu eru með:

Barna og unglingalið nema unglingaakademíur og unglingalið hjá Bundesliguliðum.

Öll kvennalið nema Bundesligulið.

Öll áhugamannalið í 5. deild og fyrir ofan.

Þú þarft að vera 16 ára og hafa lokið skyndihjálparnámskeiði og þú færð ekki leyfið fyrr en þú ert orðin(n) 18 ára.

Námskeiðið tekur 120 tíma bæði bóklegt og verklegt (80 tímar í grunnmenntun, 40 tímar í sérhæfðri menntun) + 20 tíma prófavinna. „exam units“

DFB B – licence (UEFA B – licence)

Þeir þjálfarar sem eru með þessa gráðu eru með :

Unglingaakademíur hjá atvinnumannaliðum

Þjálfarabúðir DFB „DFB – training bases“

Aðalþjálfarar hjá svæðissamböndum.

Þjálfarar hjá Bundesliguliðum kvenna.

Það sem er krafist til að fá DFB B licence :

C – licence

Að fá lágmark 9 í lokaeinkunn (2,7).

Að fá að minnsta kosti eins árs þjálfarareynslu eftir að hafa lokið C – licence prófinu.

10 æfingar í DFB þjálfunarbúðum – „training bases“ (skipulagðar)

Námskeiðið tekur 60 tíma bæði bóklegt og verklegt + próf (Byrjar árið 2009 : 80 tímar).

DFB A – licence (UEFA A – licence)

Þeir þjálfarar sem eru með þessa gráðu eru með :

Meistaraflokka í 4. deild og „above“.

Öll kvennalið nema Bundesligulið

Heiðursfélagar „Honory coaches“ í svæðissamböndum.

Þjálfarar hjá U17 og U19 ára liðum hjá Bundesliguliðum.

Það sem er krafist til að fá DFB A licence :

B – licence

Að fá lágmark 9 í lokaeinkunn

Að fá að minnsta kosti eins árs þjálfarareynslu eftir að hafa lokið B – licence prófinu.

Námskeiðið tekur 80 tíma bæði bóklegt og verklegt + próf (Byrjar árið 2009 : 100 tíma).

UEFA pro licence

Áður var þetta 6 mánaða námskeið. Í dag er þetta 11 mánaða nám (heilt tímabil).

Í Köln : 28 vikur.

Námskeið „Internships“ : 14 vikur.


Sjálfsnám : 6 vikur.

Þessi gráða gefur öllum þjálfurum í þýskalandi rétt til að þjálfa hvar sem er í heiminum.

Við höfum nú farið yfir þau stig þjálfaramenntunar í þýskalandi eins og þau eru kennd í dag en hægt er að sjá fyrirlesturinn hér fyrir neðan :

Verklegar æfingar á ráðstefnu AEFCA í Frankfurt.


Varnarleikur / taktískur skilningur



A) Varnarvinna, fylgja fyrirmælum þjálfara, til hægri, vinstri, aftur, fram


-Halda sama bili milli leikmanna

-Enginn bolti




B) Kenna fótavinnu á varnarlínu

-Bolti með núna



C) Sama og í æfingu B, bæta við tveimur sóknarmönnum



D) Sama, bara jafn margir leikmenn

Kalla á samherja, stjórna liðinu




E) Sama, bara klára sóknir

Bláir skora í þrjú mörk

Verklegar æfingar á ráðstefnu AEFCA í Frankfurt.

Sóknarleikur / skapa marktækifæri



Leikur 10 > 6 á þremur leikhlutum

Sendingar milli leikhluta gegnum miðsvæðið eða með einni snertingu á miðsvæðinu fyrir þá 10 leikmenn sem eru með boltann.

Þeir sex leikmenn sem eru að leika á móti eiga að loka fyrir sendingaleiðir.



Sóknarleikur – gegnum miðsvæðið


- Senda á framherjann sem mætir boltanum, sendir boltann til baka á miðjuleikmann sem sendir boltann inn fyrir vörn á hinn framherjann
- Senda á framherjann sem mætir boltanum, sendir boltann til baka á miðjuleikmann sem sendir boltann á vængmann sem sendir fyrir markið, framherjar krossa
- Senda á framherjann sem mætir boltanum og sendir boltann á vængmann sem sendir fyrir markið, framherjar krossa

Athugasemdir:

Klára sókn með einni snertingu

Fá fram góðar og vel tímasettar hreyfingar á leikmönnum, bæði með og án bolta

Sendingar með jörðinni með miklum gæðum



Svæðisleikur – 8 > 8, annað liðið með markvörð, hitt liðið skorar í þrjú lítil mörk

Tveir framherjar gegn tveimur varnarmönnum á sóknarþriðjungi

Fjórir gegn fjórum á miðsvæði


Þjálfar samvinnu sóknarmanna

Auka sóknarþunga:

Eftir sendingu á framherja, þá á einn miðvallarleikmaður að færast í sóknarþriðjung

Breyting:

Takmarka fjölda snertinga



Leikur 8 > 8 með markmönnum

Skipta leikvöllinum í þrjá leikhluta (nota keilur)

Tveir varnarmenn gegn tveimur sóknarmönnum, fjórir gegn fjórum á miðsvæði og tveir framherjar gegn tveimur varnarmönnum á sóknarþriðjungi

Leikurinn gengur út á að skapa marktækifæri og klára sóknirnar með markskoti

Leikmenn geta valið um eftirtaldar leiðir

- Sækja gegnum miðsvæði
- Nota kantana
- Koma með óvæntar sóknaraðgerðir

Leikmenn verða að aðlaga sig að breyttum varnarleik og sýna einstaklingsframtak

Ef leikmenn tapa boltanum þurfa þeir að gera eftirfarandi

- Loka sendingaleiðum
- Koma í veg fyrir skyndisóknir
- Greina leikstöðu eins fljótt og mögulegt er

Varnarleikmenn eiga að koma í veg fyrir að sóknarmenn nái að skapa marktækifæri

LOKAORÐ

Eins og við sögðum í upphafi skýrslunnar þá vildum við fjalla um það sem okkur fannst vera athyglisverðast á ráðstefnunni. Síðan við rituðum það hafa flestir fyrirlestrarnir sem voru á ráðstefnunni verið settir á heimasíðu evrópska þjálfarafélagsins, www.aefca.eu undir liðnum symposia. Því ákváðum við félagarnir að láta alla þá fyrirlestra á heimasíðu KÞÍ og bendum einnig á eins og áður segir á www.aefca.eu, þar geta allir lesið þá á því tungumáli sem þeir voru settir á heimasíðuna en það var á ensku eða þýsku.

Þeir fyrirlestrar sem ekki voru settir á heimasíðu AEFCA voru fyrirlestrarnir tveir frá Andy Roxburgh, þá fyrirlestra þýddum við frá orði til orðs en flesta aðra fjölluðum við um og bendum síðan á fyrirlestrana sjálfa.

Hvaða hagar er það fyrir okkur þjálfarana að fara á slíkar ráðstefnur? Jú, við fáum mikið af upplýsingum um það sem er í gangi hjá öðrum þjóðum og kynnumst nýju fólki og styrkjum og bætum sambönd og samskipti við aðrar þjóðir.

Eins og við sögðum í formálanum þá er ykkur velkomið að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna við lestur á skýrslunni og við munum svara þeim með glöðu geði.

Við þökkum ykkur öllum sem sýndu skýrslunni áhuga og vonum svo sannarlega að þið hafið bæði haft gagn og gaman af.

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Ómar Jóhannsson